

ÍSM013F Setningafræði og stílfræði
Háskóli Íslands
Haustmisseri 2008

Gagnverkandi fornafnið ***hver/hvor annar***

Kennari:
Pórhallur Eypórsson

Nemandi:
Einar Freyr Sigurðsson

1 Inngangur

Um fjöllumarefni þessarar ritgerðar er gagnverkandi fornafrnið *hver/hvor annar*. Einnig mætti telja *hver sinn* og *hver sinn* með gagnverkandi fornöfnum (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1990:84).¹ Í málfarspistlum og handbókum þar sem rætt er um vandað mál er gjarna fundið að „óvandaðri“ notkun gagnverkandi fornafrna, sbr. eftirfarandi dæmi sem fengin eru *Gætum tungunnar* (1984:24, 25):

- (1) *Heyrst hefur*: Þeir þekkja hvorn annan.
RÉTT VÆRI: Þeir þekkja *hver* annan.
OFT FÆRI BEST: Þeir þekkja *best*.
Bendum börnum á þetta!
- (2) *Sagt var*: Þeir héldu í hvorn annan.
RÉTT VÆRI: Þeir héldu *hver* í annan.
Bendum börnum á það!

Í þeim setningum þar sem notkunin telst vera rétt hér að ofan er *hver* í sama falli og frumlagið *þeir*, þ.e. í nefnifalli, en sögn eða forsetning, hér *þekkja* og *í*, stýrir fallinu á *annar*.² Þegar notkunin er ekki rétt fær *hver* sama fall og *annar*. Þegar frumlagið er í aukafalli er *hver/hvor* það einnig ef notkunin er rétt (*Gætum tungunnar* 1984:11):

- (3) *Sagt var*: Fólkinu þykir vænt hvert um annað.
RÉTT VÆRI: Fólkinu þykir vænt hverju um annað.

Eftir sem áður er það svo sögn eða forsetning sem stýrir fallinu á *annar*. Hér stýrist þó röng notkun falls, nefnifalls, á *hver* ekki af sögn eða forsetningu.

Halldór Ármann Sigurðsson (1994a; hér eftir HÁS) athugaði hvernig bæri að skýra „kórrétta“ notkun gagnverkandi fornafrna í nútímamáli. Greining hans er frumleg en hann komst í raun að því hvað þau væru *ekki*. Þeirri spurningu hefur þannig enn ekki verið svarað hvernig megi greina gagnverkandi fornöfn. Spurningunni verður ekki heldur svarað hér en leitað verður leiða til að varpa ljósi á viðfangsefnið. Notkunin var að einhverju leyti önnur fyrir á öldum og verður hún skoðuð í ritgerðinni.

Hin „réttá“³ notkun í nútímamáli verður ekki eingöngu til umfjöllunar enda eru breytingar sem hafa orðið á notkun gagnverkandi fornafrna forvitnilegar, ekki síst með hliðsjón af öðrum skyldum tungumálum, svo sem ensku og færeysku.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í 2. kafla er stuttlega fjallað um liðgerðakenninguna og bindilögmálin svokölluðu en gagnverkandi fornöfn falla undir bindilögmál A. Í 3. kafla er fjallað um breytingar á notkun gagnverkandi fornafrnanna *hver annar* og *hver annar* í aldanna rás. Þannig er jarðvegurinn undirbúinn fyrir fræðilega greiningu á fornöfnunum í 4. kafla. Þar er greining HÁS skoðuð, tilgáta hans athuguð og ný tilgáta sett fram. Í 5. kafla eru svo helstu niðurstöður dregnar saman.

¹ Halldór Ármann Sigurðsson (1994a) kallar þessi fornöfn *sérverkandi fornöfn*.


² Kyn þessara orða er einnig hið sama en talan ekki, sbr. *þeir.kk.nf.ft.* – *hver.kk.nf.et.*

³ Eftirleiðis verður talað um rétta og ranga notkun þrátt fyrir að það sé mjög gildishlaðið. Þannig er auðvelt að vísa til mismunandi notkunar. Einnig hefði komið til greina að tala um eldri og yngri notkun.


2 Stjórnun og binding

2.1 Liðgerðakenningin



Í ritgerðinni er notast við hina svonefndu liðgerðakenningu (e. *X-bar theory*, *X' theory*) innan generatífrar málfræði. Þar er gert ráð fyrir að allir setningarliðir í tungumálum heims hafi sömu uppbyggingu. Hver liður XP (e. *phrase*) er hámarksvörpun (e. *maximal projection*) sem inniheldur millivörpun X' (e. *intermediate projection*) og höfuð X eða X⁰ (e. *head*) og við hann getur tengst ákvæðisliður YP (e. *complement*, *Comp*) og fylliliður ZP (e. *specifier*, *Spec*). Uppbygging liðarins XP er sýnd í (4):



Liðirnir YP og ZP innihalda sömuleiðis millivörpun og höfuð og við þá geta tengst ákvæðisliður og fylliliður:



Til viðbótar þessu er hægt að hengja hámarksvarpanir við aðrar hámarksvarpanir eða millivarpanir. Er það kölluð viðhenging (e. *adjunction*). Höfuð er svo einungis hægt að hengja við höfuð en millivarpanir er ekki hægt að hengja við varpanir af nokkru tagi:



2.2 Bindilögmál

Innan generatífrar málfræði gegnir svokölluð stjórnun og binding (e. *government and binding*) lykilhlutverki. Lítum á eftirfarandi setningar:

- (8) a. Jón_i rakaði sig_i/*hann_i/*Jón_i í morgun.
 b. Jón_i rakaði hann_j/Jón_j/*sig_j í morgun.

Í (8a) sést að frumlagið hefur sama vísi, þ.e. _i (e. *index*), og andlagið. Frumlag og andlag eru því samvísandi (e. *co-indexed*). Þannig er ljóst að Jón rakar sjálfan sig en ekki einhvern annan. Þá er ótækt að nota persónufornafnið *hann* eða sérnafnið *Jón*. Þegar frumlag og andlag eru hins vegar ekki samvísandi, sbr. vísinn _i á frumlagi og _j á andlagi í (8b), snýst dæmið hins vegar við. Þá er notkun afturbeygða fornafnsins ótæk en notkun fornafnsins og sérnafnsins tæk.

Samvísun frumlags og andlags virðist því forsenda fyrir notkun afturbeygðs fornafns í (8a). Afturbeygt fornafn þarf einnig að hafa undanfara (e. *antecedent*) – það vísar aftur fyrir sig til hans. Þannig er *Jón* undanfari *sig* í (8a) en þá er sagt að *Jón* bindi *sig*.

Til að gera sér betur grein fyrir því sem hér hefur komið fram er nauðsynlegt að skipta nafnliðum í þrjú meginflokkka:

- (9) a. Anafórir (e. *anaphors*): sig, sjálfan sig; sinn; hvor annar, hver annar
 b. Persónufornöfn (e. *pronouns*): hún, hann, þeir, þær ...
 c. Tilvísandi nafnliðir (e. *R-expressions*): Jón, María, barnið ...

Hér má sjá að afturbeygð fornöfn eru í flokki a, flokki svokallaðra **anafóra**. Við Sáum í (8a) að anafórir eru bundnar af undanfara sínum en sú var ekki raunin í tilfelli **persónufornafna**, flokks b, og **tilvísandi nafnliða**, flokks c, sbr. (8b–c).

Þetta er gjarna sett fram á formlegan hátt og er þá talað um þrjú bindilögmál, A, B og C:

- (10) Bindilögmál A
 a. Anafóra verður að vera bundin í stjórnardeild (e. *governing category*) sinni.
 b. Stjórnardeild fyrir liðinn X er minnsta setningin sem inniheldur
 i. X og
 ii. stjórnanda (e. *governor*) X.
- (11) Bindilögmál B
 a. Persónufornafn verður að vera frjálst (þ.e. óbundið) í stjórnardeild sinni.
 b. Stjórnardeild persónufornafns er minnsta setningin sem inniheldur persónufornafnið og stjórnanda þess.
- (12) Bindilögmál C
 Tilvísandi nafnliður verður að vera frjáls.

Í (10b) er hugtakið *stjórnardeild* skilgreint. Íslenska er fræg fyrir langdræga afturbeygingu sína en t.a.m. í ensku getur hún aðeins verið skammdræg:

- (13) a. Jón heldur [_{CP} að ég vilji ekki leika við sig/?hann].
 b. John thinks [_{CP} that I don't want to play with him/*himself].

Þá má kannski segja að stjórnardeild afturbeygðs fornafns sé ekki „jafnstór“ eða „umfangsmikil“ í ensku og íslensku.

Í (10)–(12) segir að anafóru verði að vera *bundnar* en persónufornöfn og tilvísandi nafnliðir séu *frjálsir*. Hér er rétt að gera betur grein fyrir hvað felst í því þegar sagt er að nafnliður sé *bundinn* eða *frjáls* (sbr. Höskuld Þráinsson 1996:19):

- (14) a. Nafnliður er bundinn ef hann er samvísandi öðrum nafnlið sem liðstýrir honum.
 b. Nafnliður er frjáls ef hann er ekki bundinn.


Hér er talað um **liðstýringu** (e. *c-command*, *constituent command*) — undanfari verður að liðstýra anafóru til að binda hana:

- (15) Liðstýring
 A liðstýrir B ef og aðeins ef fyrsti greinikvistur sem er yfirskipaður A er líka yfirskipaður B.

Með skilgreiningarnar hér að ofan á bindilögmálunum að vopni má útskýra hvers vegna (16a) er tæk en (16b) ótæk:

- (16) Brot á bindilögmáli A
 a. *Frænka Jóns lamdi bróður sinn.
 ‘Frænkan lamdi bróður Jóns.’
 b. Frænka Jóns lamdi bróður sinn.
 ‘Frænkan lamdi bróður sinn (frænkunnar).’

Í a-dæminu er anafóran *sinn* ekki bundin af undanfaranum *Jóns* þar sem hann liðstýrir henni ekki. Setningin er því ótæk. Aftur á móti er b-dæmið tækt en þar er anafóran bundin af undanfara sínum, *frænka*. Þetta má skýra með einfaldri hríslumynd (þar er t.a.m. ekki gert ráð fyrir að persónubeygð sögnin færist upp í tengihaus, nafnliðirnir *frænka* og *bróður* eru ekki sýndir innan ákveðniliðar og gerð ákveðniliðarins *Jóns* einfölduð):



Fyrsti greinikvisturinn sem er yfirskipaður [D *Jóns*] er ekki yfirskipaður [D *sinn*] og því liðstýrir *Jóns* ekki anafórunni. Hins vegar er fyrsti greinikvisturinn sem er

yfirskipaður [N *frænka*] einnig yfirskipaður [D *sinn*] og þar með liðstýrir *frænka* anafórunni. Þetta skýrir hvers vegna (16a) er ótæk setning en (16b) tæk.

Lítum nú á eftirfarandi setningar:

(18) Brot á bindilögmáli B

a. *Jón rakaði hann.

b. Jón rakaði sig.


(19) Brot á bindilögmáli C

a. *Hann rakaði Jón.

b. Hann rakaði sig.

Í setningum (18a)–(19a) eru bindilögmál B og C brotin, í (18a) vegna þess að þar er persónufornafnið ekki frjálst (þ.e. bundið) í minnstu stjórnardeild sinni, og í (19a) vegna þess að þar er tilvísandi nafnliðurinn *Jón* bundinn en slíkir liðir verða alltaf að vera frjálsir.

Lítum á hríslumynd sem skýrir þetta:



Hér sést greinilega að *Jón* liðstýrir *hann* í efri setningunni og að *hann* bindur *Jón* í þeirri neðri. Andlagið í hvoru dæmi fyrir sig er því bundið af frumlagi sínu og skýrir það brot á lögmálum B og C.

3 Notkun gagnverkandi fornafna fyrir og nú

3.1 Notkun í nútímamáli

Nú á dögum er röng notkun gagnverkandi fornafna mjög algeng, sbr. (1)–(3) að ofan. Hún er svo algeng að ég hef jafnvel haft það á tilfinningunni að hún sé frekar fáum í blóð borin, ef svo má að orði komast. Röng notkun getur t.d. falið í sér sambeygingu fyrri og síðari liðar gagnverkandi fornafns þannig að fall fyrri liðarins, *hver/hvor*, sjórnist af fallvaldi þess síðari, *annar*, þ.e. sögn eða forsetningu:

- (21) a. Þeir lömdu hvorn annan.
b. Þeir töluðu við hvorn annan.

Eldri notkun hefði heimtað að frumlagið *þeir* og fyrri liður fornafnsins stæðu í sama falli:

- (22) a. Þeir lömdu hvor annan.
b. Þeir töluðu hvor við annan.

Eins og sést í b-dæminu stendur fyrri liðurinn *hvor* fyrir utan forsetningarliðinn, enda stýrir forsetningin *við* ekki falli hans. Þó er það nokkuð algengt að hann standi innan hans, jafnvel þegar *hvor* er í nefnifalli:

- (23) Þeir töluðu við hvor annan.

Hér hafa „reglurnar“ verið að nokkru leyti útskýrðar, þ.e. hvernig notkun gagnverkandi fornafna „á“ að vera. Lítum á frekari leiðbeiningar um rétta notkun *hver/hvor annar*. Í *Handbók um málfar í talmiðlum* er eftirfarandi sýnt (Ari Páll Kristinsson 1998:111; skipting í a, b og c mín):

- (24) a. Orðin *hver* og *annar* eiga ekki að beygjast saman.
Hver á að standa í sama falli og gerandinn (venjulega nefnifalli) en *annar* stendur nær aldrei í nefnifalli.
Þeir ásökuðu hver annan (ekki „hvern annan“).
Þeir horfðu hver á annan (ekki „á hvern annan“).
Þeir ógnuðu hver öðrum (ekki „hverjum öðrum“).
Þeir stálu hver frá öðrum (ekki „frá hverjum öðrum“).
Þeir söknuðu hver annars (ekki „hvers annars“).
Þeir óku hver til annars (ekki „til hvers annars“).
Þeir girntust eigur hver annars (ekki „hvers annars“).
Þær stríddu hver annarri (ekki „hverri annarri“).
- b. *Hver* og *annar* eru í fleirtölu ef þau vísa til orða í fleirtölu eða til fleirtöluorða.
Íslendingar, Færeyingar og Grænlandingar hjálpa hverjir öðrum.
Samtökin þrenn hjálpuðu hver öðrum.
- c. Stundum er gerandinn ekki í nefnifalli. Þá fylgir *hver* gerandanum.
Siggu, Jónu og Gunnu dreymir hverja aðra.
Siggu, Jónu og Gunnu þykir vænt hverri um aðra.
Sagan fjallaði um róg frambjóðendanna hvers um annan.

Hér er fjallað um geranda sem a.m.k. í sumum tilfellum væri eðlilegra að kalla frumlag. Þessar leiðbeiningar eru ekkert sérlega flóknar, fall *hver* er í flestum tilfellum hið sama og frumlags (dæmi á borð við *Sagan fjallaði um róg framhjööðendanna hvers um annan* er undantekning frá því).

Jón G. Friðjónsson (2004) gerir notkun orðasambandsins *hver/hvor annar* að umtalsefni sínu. Hann leitast við að skýra hvers vegna hún er á reiki. Hann sýnir þessi dæmi (framsetningu lítillaga breytt):

- (25) a. Konurnar (fleiri en tvær) kysstu hver aðra (?hverja aðra)
- b. Þær sendu hver annarri blóm (?hverri annarri)
- c. Mennirnir tveir heilsuðu hver öðrum (?hverjum öðrum)

Í fyrsta lagi sé það merking fyrri liðarins sem vísar til þriggja eða fleiri ef hann er *hver* en tveggja ef hann er *hver*. Í öðru lagi sambeygist fyrri hlutinn frumlagi eða frumlagsigildi en síðari liðurinn ákvarðist af fallvaldi — sögn eða forsetningu. Nú gæti þess nokkuð að farið sé með fornafrnið sem eina heild og fallvaldurinn þá látinn stýra mynd beggja liða.

Öll dæmin sem hér hafa verið tekin um rétta notkun gagnverkandi fornafrns sýna að fyrri liður þess er samvísandi öðrum lið, frumlaginu. Slík notkun hefur þó ekki alltaf verið við lýði eins og sjá má þegar Íslendingasögurnar eru skoðaðar.

3.2 Athugun á notkuninni í Íslendingasögum

Lítum á notkun *hver annar* í nokkrum Íslendingasögum (hér er notkun *hver annar* ekki skoðuð enda af fjölda dæma að taka):⁴

- (26) a. ... og svo lætur þar hvor sem ekki eigi skylt við annan.
(*Bandamanna saga, eftir Konungsbók, s. 26*)
- b. Heilsar hvor öðrum og spyrjast almæltra tíðinda.
(*Bárðar saga Snæfellsáss, s. 58*)
- c. Þeim byrjaði vel og héldu mjög samfloti svo að hvorir vissu löngum til annarra. (*Egils saga Skallagrímssonar, s. 400–401*)
- d. Eftir það veittu hvorir öðrum tryggðir. (*Kjalnesinga saga, s. 1457*)
- e. Hjó hvor þrjá skjöldu fyrir öðrum til ónýts. (*Kormáks saga, s. 1482*)
- f. ... og urðu þar hvorir öðrum fegnir. (*Króna-Refs saga, s. 1530*)
- g. Bauð þá hvor þeirra öðrum til sín ... (*Laxdæla saga, s. 1606*)

Þessi dæmi eru frábrugðin þeim sem hingað til hafa verið sýnd að því leyti að fyrri liður gagnverkandi fornafrnsins er ekki samvísandi öðrum lið; *hver* sambeygist ekki frumlagi setningar heldur er sjálft frumlagið. Þá er það tala fyrri hlutans sem hefur áhrif á tölu sagnarinnar.

Í (26) er fyrri hluti gagnverkandi fornafrnsins í nefnifalli, og er það raunar algengast, en hann kemur einnig fyrir í öðrum föllum:

- (27) a. Fundu menn það að hvorri þeirra systra var yndi að annarri.
(*Fljótsdæla saga, s. 687*)

⁴ Textar Íslendingasagna sem eru fengnir úr útgáfu Svarts á hvítu (*Íslendingasögur* 1985–1986). Ég leitaði að dæmum með Sagnalykli sem aðgengilegur er á vefsíðunni <http://snara.is> en hann er vefútgáfa Orðstöðulykils Íslendingasagna (1996, ritstjórar Bergljót S. Kristjánsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson (aðalritstjóri), Guðrún Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson).

- b. Voru þau þar um veturinn og gast þar hvorum að vel við aðra.
(*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1256)
- c. ... og hefur mér líkað vel til þín og hvorum til annars.
(*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1401)

Ég hef ekki rekist á dæmi eins og *Þeir lömdu hvor annan*, aðeins *Hvor lamdi annan*. Þó þykir mér ólíklegt að slík notkun hafi ekki verið til í fornu máli en það þyrfti að kanna betur. Þessi notkun er aftur á móti algengari en hin í nútímamáli.

Ég veit ekki til þess að gerð hafi verið úttekt á breytingum *hver/hvor annar* í aldanna rás þar sem þær eru tímasettar; grein HÁS lýtur að nútímamáli og það gerir ritgerð Heimis Pálssonar (1967) einnig. Ég get því ekki stutt mig við slíka rannsókn í þessari ritgerð. Þannig er mér í fyrsta lagi ekki ljóst hvenær notkun fyrri hluta gagnverkandi fornafnsins, *hver/hvor*, sem frumlags (*Hvor lamdi annan*) vék fyrir þeirri notkun að láta fyrri hlutann vera samvísandi „nýju“ frumlagi (*Mennirnir lömdu hvor annan*).

Þá hef ég í öðru lagi ekki vitneskju um að gerð hafi verið gerð „kerfisbundin“ athugun á því á hvaða skeiði breytinga fer að verða vart á stöðu fyrri hluta gagnverkandi fornafnsins sem hafa leitt til þess að hann er nú oft túlkaður sem hluti andlags (*Þeir lömdu hvorn annan*).

3.3 Aukafallsfrumlög í íslensku

Andrews (1976) hélt því fram og rökstuddi fyrstur manna að íslenska hefði aukafallsfrumlög (sbr. t.d. *Mig vantar peninga*). Síðan þá hefur talsvert verið skrifað um þau og er sú skoðun útbreidd að íslenska hafi slík frumlög. Eitt þeirra prófa sem beitt hefur verið til að rökstyðja tilvist aukafallsfrumlaga er afturbeyging en frumlög geta bundið andlög en ekki öfugt (Jóhannes Gísli Jónsson 1996:116–118, dæmin eru hans, bls. 117):

- (28) a. María_i fann þessa mynd af sér_i.
b. *Þessi mynd af sér_i sannfærði Jón_i um að fara í megrun.

Þegar prófinu er svo beitt á t.d. sögnina *líka* kemur í ljós að rök hníga að því að telja þágufallslíðinn til frumlags en nefnifallslíðinn til andlags (dæmi Jóhannesar Gísla Jónssonar 1996:118):

- (29) a. Maríu_i líkar þessi mynd af sér_i.
b. *Vinum sínum_i líkar María_i.

Hér mætti einnig athuga notkun afturbeygðs eignarfornafns, *sinn*, með sögn sem hefur sama „strúktúr“ og *líka*:

- (30) a. Maríu_i þykir maður sinn_i feitur.
b. *Maður sinn_i þykir Maríu_i feitur.

Setning (38b) er aðeins tæk ef liðurinn *maður sinn* hefur verið kjarnafærður. Setningin er aftur á móti ótæk ef liðurinn er látinn liðstýra *Maríu*.

Þar sem afturbeyging á einnig við um gagnverkandi fornöfn ættu þau að hegða sér svipað og afturbeygð fornöfn (*sig*, *sinn*). Það er þó hægara sagt en gert að búa til ótækt dæmi sem samsvarar (28b) og er það ekki gert hér:

(31) Hvor tók mynd af öðrum.

Þar sem málfræðingar hafa það fyrir satt að íslenska hafi aukafallsfrumlög ætti að vera hægt að finna, eða búa til, tæk dæmi um notkun gagnverkandi fornafns sem væri samsvarandi (29a) eða (30a). Slíkt dæmi er t.a.m. að finna í Bandamanna sögu sem varðveitt er í Konungsbók (Gl. Kgl. sml. 2845, 4to; hér eftir K) en það samsvarar (30a):⁵

(32) Það er sagt að hvorutveggja_i féllst vel í skap annað_i ...

(*Bandamanna saga, K, s. 29*)

Menn eru þó ekki á einu máli um tilvist aukafallsfrumlaga í forníslensku (sjá t.d. umræðu hjá Eiríki Rögnvaldssyni 1996). Það er a.m.k. mögulegt að dæmið hér að ofan hafi aukafallsfrumlag í ljósi þess að *hvorutveggja* liðstýrir *annað*; því er nefnifallsliðurinn neðar í formgerðinni en þágufallsliðurinn.⁶

Í framhaldi af þessari umræði þykir mér eftirfarandi dæmi úr Bandamanna sögu, eins og hún er varðveitt í Möðruvallabók (AM 132, fol.; hér eftir M), mjög áhugavert:

(33) Féllst hvort_i öðru_i vel í geð og litast þau vel til og bliðlega.

(*Bandamanna saga, M, s. 4*)

Þessi setning er á sama stað í M og (32) í K. Sá munur er á þessum setningum að hér snýst röð þágufalls og nefnifalls við: Fyrri hluti gagnverkandi fornafnsins, sem er formgerðarlega ofar en sá síðari, er nú í nefnifalli en sá síðari í þágufalli. Við sjáum þá að *hvor* er frumlagið. Ef við teljum líklegt að aukafallsfrumlög hafi verið til í forníslensku mætti e.t.v. ímynda sér að aukafallsfrumlög hefðu verið ótæk í máli skrifara M en verið hluti af máli skrifara yngra handritsins, K!⁷

3.4 Gagnverkandi fornöfn í skyldum málum

3.4.1 Danska, sænska og norska

Í dönsku, norsku og sænsku er gagnverkandi fornafnið sem samsvarar *hver/hvor annar* í íslensku: d. *hinanden*, no. *hverandre*, sæ. *varanden*. Koma fornöfnin einungis fyrir í stöðu andlags og sem einn setningarliður. Líkt og í íslensku eru þau aðeins tæk í dönsku og sænsku ef frumlagið er í fleirtölu. Í norsku er hægt að nota *hverandre* þótt frumlagið sé í eintölu ef það er „rökleg fleirtala“ eins og t.d. *skólabekkur*, sbr. (35b) (Strandskogen og Strandskogen 1994:125):⁸

⁵ Hér má ekki láta liðinn *hvorutveggja* blekkja sig; *hvoru-* er einfaldlega fyrri liður gagnverkandi fornafns sem stýrir eignarfalli annars liðar, *-veggja* (rétt eins og t.d. *Hvor þeirra lamdi annan*).

⁶ Hér er vissara að spara stóru orðin en Helgi Bernóðsson (1982) beitti þremur frumlagsprófum á aukafallsnafnliði forníslensku: afturbeygingu, tengieyðingu og andlæga frumlagslyftingu. Niðurstaða hans var að forníslenska hefði aukafallsfrumlög. Halldór Ármann Sigurðsson (1994b) taldi hins vegar að tvö prófanna, afturbeyging og tengieyðing, væru léttvæg.

⁷ Þótt aldur M sé hærri en K er síðarnefnda handritið gjarna talið standa nær frumgerð sögunnar (Guðni Jónsson 1936:XCII–XCIX).

⁸ Ég hef ekki séð ástæðu til að þýða útlensk máldæmi frá orði til orðs þar sem þau lúta að gagnverkandi fornöfnum og ættu ekki að vefjast fyrir lesanda.

- (34) a. Tvillingerne ser hinanden. Danska
 'Tvíburarnir sjá hvor annan.'
 b. Trillingerne ser hverandre.
 'Þríburarnir sjá hver annan.'
- (35) a. De elsket hverandre. Norska
 'Þau elskuðu hvert/hvort annað.'
 b. Hele klassen hadde lært hverandre å kjenne.
 Eiginleg merking: 'Allur bekkurinn hafði kynnst hver öðrum.'
- (36) Vi ser varandra. Sænska
 'Við sjáum hver/hvor annan.'

Þar sem þessi mál eru svo skyld íslensku er ekki úr vegi að bera orðsifjar þeirra saman. Fyrri orðhluti gagnverkandi fornafnsins *hinanden* í dönsku er ekki samsvarandi *hver/hvor* orðsifjafræðilega — hann er skyldur ísl. *hinn* — en *anden* samsvarar þó *annar*. Aftur á móti er merking *hinanden* sú sama og *hver/hvor annar*. Ekki mun vera langt síðan fornafnið *hverandre* var almennt notað í dönsku til að tákna fleiri en tvo (Allan, Holmes og Lundskær-Nielsen 2000:59). Þótt undirritaður hafi ekki nánari vitneskju um það hlýtur *hverandre* þá að hafa einhvern tímann verið notað og þá til að vísa til tveggja. Þá hefðu orðhlutarnir einmitt verið þeir sömu og í íslensku.

Orðhlutarnir *hver-* og *-andre* í norsku samsvara *hver* og *annar* í íslensku en no. *hverandre* getur hvort heldur sem er haft tvítölu- eða fleirtölumerkingu. Það sama á við um *varandra* í sænsku en orðhlutinn *var-* samsvarar *hver/hvor* og *-anden* samsvarar *annar*.

3.4.2 Færeyska

Gagnverkandi fornafnið *hvør annar* í færeysku er, eins og sjá má, náskyld því íslenska. Notkuninni svipar einnig mjög til íslensku en þar getur fyrri liðurinn sambeygst frumlaginu (hann virðist a.m.k. gera það), sbr. (37a). Hann getur einnig beygst með síðari liðnum, sbr. (37b) (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:129–130):

- (37) a. Teir hjálptu hvør øðrum.
 b. Teir hjálptu hvørjum øðrum.

Þessi notkun lítur þá út fyrir að vera eins og *Þeir hjálpuðu hver/hvor öðrum* og *Þeir hjálpuðu hverjum/hvorum öðrum* í íslensku. Fróðlegt væri að athuga stöðu *hvør* m.t.t. forsetningar, sbr. ísl. *Þeir töluðu hvor við annan/Þeir töluðu við hvor annan/Þeir töluðu við hvorn annan*.

3.4.3 Enska

Í ensku er gagnverkandi fornafnið *each other*. Í nútímamáli er það í raun einn liður, anafóra, sem stýrist af fallvaldi, sögn eða forsetningu, og þarf á undanfara í fleirtölu að halda (dæmi frá Haegeman 1994:223):

- (38) a. The students_i invited each other_i.
 b. Poirot's brothers_i invited each other_i.
 c. The students_i believe [_{NP} any description of each other_i].
 d. Miss Marple believes [_{NP} the students_i' description of each other_i].

Í þessum dæmum liðstýrir fleirtöluundanfarið ætíð anafórinni, þ.e. gagnverkandi fornafninu. Þegar svo er hins vegar ekki eru dæmin ótæk (dæmi frá Haegeman 1994:223):


- (39) a. *I expect [_{IP} each other_i to invite the students_i].
 b. *The student_i invited each other_i.
 c. *The students_i think [_{CP} that [_{IP} Miss Marple invited each other_i]].
 d. *The students_i' sister invited each other_i.

Í dæmum a, c og d er bindilögmál A brotið. Dæmi (39a) er ótækt þar sem *each other* hefur engan liðstýrandi undanfara enda er það gagnverkandi fornafnið sem liðstýrir *the students* en ekki öfugt. Í (39b) er undanfarið í eintölu en ekki fleirtölu (það er þó ekki brot á bindilögmáli). Í (39c) er anafóran, *each other*, ekki bundin í stjórnardeild sinni þar sem undanfarið stendur utan hennar. Í (39d) liðstýrir svo *sister* gagnverkandi fornafninu *each other* en það gerir *the students'* ekki.

4 Tilraun til greiningar á gagnverkandi fornöfnum

4.1 Inngangur

Bindilögmál A gildir um gagnverkandi fornöfn. Því gilda sömu reglur um þau og afturbeygð fornöfn (sbr. hríslumynd í (17)). Lítum nú á það hvernig hríslumynd fyrir setninguna *Þar kvöddu hvorir aðra vel* (þó er ao. *vel* sleppt) úr Brennu-Njáls sögu (s. 329) gæti litið út samkvæmt þessu:



Af hríslumyndinni að dæma liðstýrir liðurinn *hvorir* liðnum *aðra*. Það er einmitt í samræmi bindilögmál A en þar segir að anafóra verði að vera bundin í stjórnaðeld sinni. Anafóran í (40) er þá *aðra* en liðstýrandi undanfarinn er *hvorir*.

Þar sem bindilögmál A á við um bæði afturbeygingu og gagnverkandi fornöfn ættu „bindieiginleikar“ hvors tveggja að vera þeir sömu. (sbr. Höskuld Þráinsson 2005:534):

- (41)
- Strákarnir_i rökuðu hvor annan_i.
 - ?Ég sagði þeim_i sögur hvorum af öðrum_i.
 - ?Ég talaði við þá_i hvorn um annan_i.
 - Þeir_i lofuðu [_{CP} FOR_i að hjálpa hvor öðrum_i].
 - Égi skipaði þeim_j [_{CP} FOR_j að hjálpa hvor öðrum_j].
 - *Þeir_i skipuðu mér_j [_{CP} FOR_j að hjálpa hvor öðrum_i].
 - *Þeir_i segja [_{CP} að þú_j hatir hvor annan_i].
 - *Égi þekki hvorn annan_j.

Hér höfum við aftur snúið okkur að „núttímamálslegum“ dæmum um *hvor annar*. Bindieiginleikar afturbeygðra fornafna ættu að vera hinir sömu:

- (42)
- Strákarnir_i rökuðu sig_i.
 - *Ég sagði þeim_i sögur af sér_i.
 - *Ég talaði við þá_i um sig_i/sjálfa sig_i.
 - Þeir_i lofuðu [_{CP} FOR_i að hjálpa sér_i/sjálfum sér_i].
 - Égi skipaði þeim_j [_{CP} FOR_j að hjálpa sér_j].

- f. Þeir_i skipuðu mér_j [_{CP} FOR_j að hjálpa sér_i].
- g. Þeir_i segja að [_{CP} þú_j hatir sig_i].
- h. *Ég_i þekki sig_j.

Þetta gengur eftir í megindráttum. Ég styðst við eigin málkennd í dæmunum hér að ofan og þannig þykir mér setningar (41f–g) ótækar en (42f–g) finar. Að öðru leyti virðast bindieiginleikarnir sams konar.

En stöðrum aðeins við þessi ótæku dæmi um notkun *hver/hvor annar*. Í þeim báðum er „afturbeyging“ gagnverkandi fornafnsins langdræg. Það er ekki heldur hægt í ensku og þar er jafnframt langdræg afturbeyging afturbeygðra fornafna ekki möguleg:

- (43) a. *The students_i think [_{CP} that [_{IP} Miss Marple invited each other_i]].
- b. *John_i thinks [_{CP} that I don't want to play with him_i/*himself_i].

Stjórnardeild anafóra í íslensku þyrfti að skoða betur en því verður ekki komið við hér.

4.2 Misvondar tilgátur

4.2.1 HÁS

HÁS setur fram upphafstilgátu um greiningu gagnverkandi fornafna sem hann kallar vonda. Hún lýtur að því að í setningu á borð við (44) taki frumlagið *þeir* með sér nokkurs konar „fylgiorð“, *hvor*:

- (44) Þeir héldu **hvor** með **öðrum**.

HÁS lætur sér því detta í hug að fylgiorðið gæti hegðað sér eins og „frumlæg“ magnorð (kvantarar, e. *quantifiers*; einnig er hægt að tala um „fljótandi magnliði“), sbr. *allir* í (45).

- (45) Þeir héldu **allir** með **öðrum**.

HÁS setur þessa upphafstilgátu fram þannig:

- (46) Um fyrri hluta gagnverkandi fornafnsins gildir:
 - a. Hann hefur sömu stöðu innan setningarinnar og frumlægir magnliðir.
 - b. Hann fær fall með sama hætti og frumlægir nafnliðir.

Rök fyrir tilgátunni eru t.a.m. þau að fyrri hluti gagnverkandi fornafns stendur á eftir neitun, líkt og magnliður (HÁS, bls. 39–40):

- (47) a. Þeir héldu **ekki hvor** með öðrum.
- b. *Þeir héldu **hvor ekki** með öðrum.
- (48) a. Þeir héldu **ekki allir** með öðrum.
- b. ?*Þeir héldu **allir ekki** með öðrum.

Þrátt fyrir þetta segir HÁS tilgátuna í (46a) fjarri lagi enda séu magnliðir í fyrsta lagi mun hreyfanlegri innan setningar en fyrri hluti gagnverkandi fornafns, eins og sjá má í eftirfarandi dæmum:

- (49) a. Þeir heilsuðu **allir** Ólafi.
b. **Allir** heilsuðu þeir Ólafi.
c. Þeir heilsuðu Ólafi **allir**.
- (50) a. Þeir heilsuðu **hvor** öðrum.
b. ??**Hvor** heilsuðu þeir öðrum.
c. *Þeir heilsuðu öðrum **hvor**.

Í öðru lagi sé sá eðlismunur á magnliðum og gagnverkandi fornafni að hinir fyrrnefndu samræmist frumlagi sínu í falli, tölu og kyni en það síðarnefnda ekki í tölu, sbr. eftirfarandi dæmi (sem er ekki tekið frá HÁS):

- (51) a. **Þríburana** (þf.fl.t.kk.) dreymir **alla** (þf.fl.t.kk.) um aðra.
b. **Þríburana** (þf.fl.t.kk.) dreymir **hvern** (þf.et.kk.) um annan.

Í þriðja lagi, og það skiptir mestu máli að mati HÁS, standi magnliðir utan sjálfs sagnliðarins en á hinn bóginn standi fyrri hluti gagnverkandi fornafnsins inni í honum, eins og sjáist á eftirfarandi b-setningum:

- (52) a. Þeir höfðu ekki **allir** heilsað Ólafi.
b. *Þeir höfðu ekki heilsað **allir** Ólafi.
- (53) a. *Þeir höfðu ekki **hvor** heilsað öðrum.
b. Þeir höfðu ekki heilsað **hvor** öðrum.

Því verði að hafna tilgátunni. Í (53b) virðist *hvor* sem sagt vera í stöðu sem kalla mætti á íslensku hlutverksstöðu frumlags (e. *subject θ -position*, *subject theta-position*). Þar er röklið úthlutað merkingarhlutverki sínu. Það mælir á móti tilgátu (46a) að í þessari stöðu virðast fljótandi magnliðir ekki geta staðið (eða kannski mætti segja að þar fljóti magnliðir ekki) (Bošković 2004).


Hver/Hvor virðist vera inni í sagnliðnum og í hlutverksstöðu frumlags. Þar með verður líklega að hafna upphafstilgátu HÁS en þetta vekur upp spurningar:

- (54) a. Er fyrri hluta gagnverkandi fornafnsins, *hver/hvor*, úthlutað merkingarhlutverki?
b. Er fyrri hlutinn rökliður í setningu á borð við *Þeir lömdu hvor annan*?

Sögnin *lemja* tekur með sér tvo rökliði og úthlutar þá hvorum röklið einu merkingarhlutverki. Ef svarið við spurningunum í (54) væri *já* (en þær eru vissulega náskyldar) mætti búast við að „sjálft“ frumlagið og *hver/hvor* mynduðu saman einn röklið. Þannig yrði að svara spurningunum játandi ef *hver/hvor* væri fljótandi magnliður. Ef svarið væri hins vegar *nei* þyrfti að útskýra það á annan máta en HÁS gerir.

4.2.2 Skárri tilgáta?

Ég tek undir með HÁS þegar hann hafnar upphafstilgátu sinni. Ég er þó ósammála honum um að hún sé „vond“. En þörf er á annarri tilgátu og ég vona að mín sé þá skárri en Halldórs. Hún hljóðar þannig að *hver/hvor* sé viðhengdur liður:



Hér hefur ákveðniliðurinn *hver* verið hengdur vinstra megin við sagnliðinn. Kosturinn við þessa tilgátu felst einkum í því að hún spáir fyrir um það að *hver* sé ekki úthlutað merkingarhlutverki (þá er miðað við að svarið við spurningunum í (56) sé *nei*). Þá er augljóst hvers vegna sögnin hefur fleirtölubætti (*lömdu*).

Þegar liðir eru viðhengdir er möguleiki á að sleppa þeim:

- (57) a. Jón hitti Pétur **í bænum**.
b. Jón hitti Pétur.

- (58) a. Jón söng lagið **vel**.
b. Jón söng lagið.

Feitletruðu liðirnir eru viðhengi, forsetningarliður í (57a) og atviksliður í (58a). Sé þeim sleppt eru setningarnar tækar eftir sem áður, sbr. (57b)–(58b).

Ef um viðhengingu væri að ræða í tilfelli gagnverkandi fornafna mætti því búast við að hægt væri að sleppa *hver/hvor*:

- (59) a. Þeir lömdu **hver/hvor annan**.
b. *Þeir lömdu annan.

Það er þó ekki hægt en það veikir ekki endilega tilgátuna. Fyrri liðurinn *hver/hvor* valdar (e. *licenses*) þann síðari, *annar* (og veitir þannig leyfi fyrir notkun hans). Ef fyrri liðnum er sleppt verður einungis að velja annað andlag:

- (60) Þeir lömdu **sig/marga/menn**.

Þetta er til samræmis við notkun neikvæðisorða (e. *negative polarity items, NPIs*), svo sem *neinn* og *nokkur*. Þau koma aðeins fyrir í neitandi samhengi (Jóhannes Gísli Jónsson 2005:446–448):

- (61) a. **Enginn** sá neitt.
b. *Hann sá neitt.

Hér er það frumlagið, magnliðurinn *enginn*, sem valdar notkun *neitt*. Neitunarorðið liðstýrir þá neikvæðisorði sínu. Neikvæðisorð eru þó ekki bundin við neitandi magnliði því neitunarorð geta einnig verið atviksorð, svo sem *ekki* og *aldrei*:

- (62) a. Hann borðaði **ekki** neitt.
b. *Hann borðaði neitt.

Þá er það viðhengdur atviksliður sem valdar neikvæðisorðið í (62a) og þá ætti *hver/hvor* með sama hætti að geta valdað *annar*.

5 Lokaorð

Þegar gagnverkandi fornöfn eru athuguð í skyldum málum sést að þau eru almennt notuð þannig að fyrri og síðari liður sambeygjast (sjá þó notkunina í færeysku). Í íslensku hefur þróunin einnig verið í þessa átt, fyrri hlutinn hefur mjakast úr stöðu frumlags (þ.e. þegar möguleiki er á því að hann standi í ákvæðislið) í andlagsstöðu:

- (63) a. **Hvor** talaði við annan.
b. Þeir töluðu **hver** við annan.
c. Þeir töluðu við **hver** annan.
d. Þeir töluðu við **hvorn** annan.

Ef til vill hefur þróunin verið á þá leið sem sýnd er hér að ofan, þannig að (63a) sé fyrsta stigið en (63d) það síðasta. Þetta eru getgátur en þar sem (63b) virðist mun sjaldgæfara í forn máli en (63a) er sú innbyrðis röð valin. Ekki hefur verið útskýrt hvers vegna mörg dæmi eru um setningu eins og (63c). Í einhverjum tilfellum gæti verið um einhvers konar ofvöndun að ræða. Mælandinn hefur lært þá reglu að *hver* og *annar* beygjast ekki saman en þó gætir hann sín ekki á því að *hver* er þarna inni í forsetningarliðnum. Ofvöndun gæti þá einnig verið ástæða fyrir (3) *Fólkinu þykir vænt hvert um annað* (í stað *hverju um annað*). Þar stendur þó fyrri liðurinn utan forsetningarliðarins en þar sem „reglur“ segja að fyrri liðurinn *eigi ekki* að sambeygjast þeim síðari notar mælandinn nefnifall í stað aukafalls (þrátt fyrir að fyrri liðurinn fái ekki sama aukafall og sá síðari skv. rétttri notkun).

Hvað sem getgátum liður verður að teljast ljóst að (63a) er eldra en (63d). Ef við ímyndum okkur svo hríslumynd af setningunum í (63) sést að fyrri liðurinn færir sífellt neðar í formgerðinni. Þegar nefnifallsliðurinn hefur færst alla leið niður í andlagssæti (63c) er hann endurtúlkaður og fær andlagsfall (63d).

Í ritgerðinni hefur talsvert verið rætt um stjórnun og bindingu en gagnverkandi fornöfn falla undir bindilögmál A. Fyrri liðurinn liðstýrir þá þeim síðari (skv. eldri eða rétttri notkun) og valdar hann. Þannig má sjá innbyrðis stöðu nafnliða en hér hefur verið rætt um hvort hægt sé að beita gagnverkandi fornöfnum sem frumlagsprófi. Niðurstaðan er sú að það er hægt, a.m.k. í nútímaíslensku.

Halldór Ármann Sigurðsson (1994a) setti fram þá tilgátu, sem hann hafnaði jafnharðan, að fyrri hluti gagnverkandi fornafnsins í íslensku væri frumlægur magnliður. Hér var því sett fram ný tilgáta um að fyrri hlutinn væri einfaldlega viðhengdur liður.

Textar

Íslendingasögur. 1985–1986. Fyrra og annað bindi. Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Svart á hvítu, Reykjavík: Bandamanna saga (K og M), Bárðar saga Snæfellsáss, Brennu-Njáls saga, Egils saga Skallagrímssonar, Fljótsdæla saga, Harðar saga og Hólmverja, Hrafnkels saga Freysgoða, Kjalnesinga saga, Kormáks saga, Króka-Refs saga, Laxdæla saga.

Heimildir

- Allan, Robin, Philip Holmes og Tom Lundskær-Nielsen. 2000. *Danish*. An Essential Grammar. Routledge, London.
- Andrews, Avery. 1976. The VP-Complement Analysis in Modern Icelandic. *NELS* 6:1–21.
- Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Boškovič, Željko. 2004. Be careful where you float your quantifiers. *Natural Language & Linguistic Theory* 22:681–742.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. 4. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. Frumlag og fall að fornu. *Íslenskt mál* 18:37–69.
- Guðni Jónsson. 1936. Formáli. *Íslensk fornrit* 7, bls. V–CIV. Grettis saga Ásmundarsonar. Bandamanna saga. Odds þátr Ófeigssonar. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Gætum tungunnar*. 1984. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Haegeman, Liliane. 1994. *Introduction to Government and Binding Theory*. Second edition. Blackwell, Oxford.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994a. Ókurteist fornafn. *Jónína hans Jóns G. Friðjónssonar [fimmtugs] 24. ágúst 1994*, bls. 38–39. Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994b. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Upphaflega kandidateitritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands 1983.]
- HÁS = Halldór Ármann Sigurðsson 1994a.
- Heimir Pálsson. 1967. *Hvor annar – hver annar í nútímaíslensku*. Ritgerð til fyrra hluta prófs í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Bernódusson. 1982. Ópersónulegar setningar. Ritgerð til kandidateitprófs í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1996. Is Icelandic a Natural Language? *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 9, bls. 9–36. Novus, Oslo.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Íslensk tunga 3. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese*. An Overview and Reference Grammar. Føroya Fróðskaparfelag, Þórshöfn.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1996. *Clausal Architecture and Case in Icelandic*. Doktorsritgerð, University of Massachusetts, Amherst.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarflokkar nafnliða og setningagerð. Í: Höskuldur Þráinsson 2005.
- Jón G. Friðjónsson. 2004. Íslenskt mál – 24. þáttur. *Morgunblaðið*, 27. mars. [Aðgengilegt á netinu. Nákvæm slóð: <http://imf.hi.is/grein.php?pr=1&id=33>.]
- Strandskogen, Åse-Berit, og Rolf Strandskogen. 1994. *Norwegian*. An Essential Grammar. Routledge, London.